Innihaldsríkt sumarsaga

eftir Benedikt Sigurðsson

Villikettir í Búdapest er afar innihaldsríkt raunsæisverk úr samtímanum þar sem augnablikið er fangað. Viðfangsefni þess er nánasti samtími okkar, tími sem erfitt er að henda reiður á en markast af umbreytingunum, falli allra endanlegra sanninda. Þessa sér víða stað í verkinu. Höfundur hæðist að fyrirfram ákveðnum formúlum og sleggjudómum, sem ekki ganga upp. Og það er kaldhæðnislegt að einmitt þegar hverfulleiki allra hluta verður ljós skuli bókmenntafræðin tíðum halda í úreltar aðferðir, þar sem bókmenntir eru settar upp í formúlur í stíl endanlegra sanninda og flokkaðar sem „misheppnaðar“ og „vel heppnaðar“ og minna á alhæfingar Skólaljóðanna (bls. 35-36). Það er sömuleiðis dæmigert fyrir kaldhæðnina í þessu verki að kennarinn sem kennir bókmenntafræðina skuli vera af '68-kynslóðinni og tíunda það sí og æ en samt vera svo íhaldssamur að nemendur eigi að tyggja upp eftir honum skoðanir og sleggjudóma hans (bls. 53-54). Vísanir í Heinrich Böll (bls. 50-51) eru athyglisverðar og fullar af merkingu. Hans verk eru fræg fyrir að vera bókmenntaverk sem höfðu áhrif í þjóðfélagsumræðunni en voru óvinsæl af bókmenntafræðinni. Höfundur vísar í Böll og deilir jafnframt á tilhneigingu samtímans til að líta einvörðungu á það sem fínar bókmenntir sem séu fjarlægar alþýðu manna.

Aðalpersóna verksins, Hervör Ólafsdóttir, er tónlistarkona og tónlist skipar veigamikinn sess í því enda snar þáttur í persónu hennar. Vísanir í tónverk eru afar veigamiklar og þýðingarmiklar. Hún er í raun persóna sem er tímanna tákn, sumpart barn síns tíma, sumpart ekki. Að sumu leyti reynir hún að brjótast á móti samtíma sínum, að sumu leyti ekki. Hún fer og lærir söng, sem ekki getur talist hefðbundið og hafnar tryggari lausnum á ævistarfi sínu. En hún ætlar sér að ná árangri enda er það boðorð tímans.

Samband hennar við Ungverjann Míhály er mótað af lögmálum tíðarandans. Hann kemur frá Búdapest, hann er einfari og á móti kerfinu en fær styrk til náms í sömu borg og hún. En hann fer alltaf sínar eigin leiðir. Og það er vitaskuld kaldhæðni í því fólgin að einmitt andófsmaðurinn, prófessorinn, sem er ungverskur, pólitískur flóttamaður, skuli vilja ráða algjörlega yfir stúdentum sínum, hefta athafnafrelsi þeirra, skikka þá til að standa í útréttingum fyrir sig. Míhály sættir sig ekki við þetta og fær ekki meiri styrk. Raunar er það engin tilviljun að aðalpersónan í þessari bók skuli einmitt vera málvísindamaður og eiga í sambandi við Íslending. Það er tímanna tákn að fólk sem talar sjaldgæf tungumál og kemur af jaðarsvæðum í Evrópu nútímans skuli hittast þarna. Og Búdapest er þarna tákn gamla tímans, hinnar klassísku Evrópu, veraldar sem var: það er engin tilviljun að í þessari bók er brugðið upp myndrænni lýsingu, á þessari borg um leið og umbreytingar verða þar, þarna er augnablik sem nú er liðið, fangað.

Samband þeirra er athyglisverður spegill á samtímann. Sagan



Benedikt Sigurðsson

kynnir sig sem „sumarsögu“ og kannski er það tímanna tákn. Þeir eru ugglaust margir af þessari kynslóð sem núna er rúmlega tvítug, sem þekkja það sem þarna er verið að lýsa. Slíkum samböndum hefur verið lýst með því að í þeim sé „elskast án þess að elska“, það sé með öðrum orðum eins og hver önnur lífsnautn á hraðfleygum tímum. Lýsingin á þessu sambandi einkennist ekki af ástarjátningum heldur hreinum og klárum, sameiginlegum lífsnautnum. Og sambandið einkennist sömuleiðis af því að báðir aðilarnir eru „töff“ samkvæmt boði tímans, þau geta fullkomlega komist af án hins. Og kaldhæðnin nær hámarki þegar í ljós kemur að sambandið tekur senn enda. Þá er farið út í aðra sálma, talað um heilhveitispagettí og rauðvínstegundir, haldið áfram í hinum óbærilegu lífsnautnum, þarna er höfundur að draga upp skýra andstæðu við hefðbundnar skilnaðarstundir bókmenntanna.

Höfundur undirstrikar ástleysið, hið hraðfleyga samband persónanna á mjög margvíslegan hátt. Margar vísanir í heim sagnfræði og tónlistar eru til vitnis um það. Hún er að skrifa ritgerð um Brahms og platónskan aflvaka tónlistar hans. Og þau hlusta sí og æ á Píanókvartett númer eitt, tónverk nítjándu aldar, verk sem spratt upp úr platónsku sambandi, þar sem elskað var án þess að elskast. Í tónlistarsögunni eru verk Brahms líkast til eitthvert frægasta dæmið um slíkt. Þau mynda þannig andhverfu við líferni aðalpersónanna í sögunni. Sömuleiðis skiptir gamla konan Helga miklu máli í þessu sambandi. Gömul ástarbréf hennar afhjúpa ást sem aldrei var endurgoldin; huglæg en varanleg, andstæða hinna holdlegu ástríðna samtímans.

Ingi Bogi Bogason skrifar ritfregn um þessa innihaldsríku bók í Morgunblaðinu 20. desember síðastliðinn. Hann talar um „ótölulegan“ fjölda tónskálda. En sannleikurinn er sá að vísanir í tónlistina eru afar innihaldsríkar og margvíslegar í sögunni — þær mynda grind sem er nauðsynleg fyrir heildartúlkun verksins. Þar er til dæmis vísað í Beethoven og það dæmi um allan umbreytanleika samtímans, sem túlkun verka hans er. Karajan sem var nokkurs konar einvaldur í tónlistarheiminum og frægur fyrir túlkun sína á Beethoven féll einmitt frá í fyrra. Ef til vill er fráfall hans tímans tákn: Múrar falla og gömul gildi breytast. Kannski er jafnvel Beethoven breytingum háður.

Það er lykilatriði í persónu þessa fólks að þau lifa alltaf sínu eigin lífi, — líka þegar þau eiga í sambandi við einhvern annan. Þau verða aldrei eitt, og það er einmitt enn einn frasinn úr bókmenntunum sem hæðst er að í bókinni: „Að verða eitt.“ Slíkt fólk breytist vitaskuld ekki þótt verulegar umbreytingar verði í kringum það, það er einfarar, það er töff, það sýnir engar breytingar á lundarfari sínu. Því má heldur ekki gleyma að sögutíminn er stuttur, það er einungis eitt lítið augnablik í rauninni, sem þarna er fangað og svipmyndirnar úr lífi þeirra þjóna einungis þeim tilgangi að varpa ljósi á samband þeirra. Hún á vondar minningar úr menntaskóla, hefur kynnst verri hliðum kynlífsins, hann hefur kynnst því að elska en verið hryggbrotinn illilega og sömuleiðis hryggbrotið sjálfur — hann er dæmi um karlmann, sem geymir tiltekna *kvenímynd í huga sér og getur aldrei* losnað við hana — hann er alltaf að leita að einhverri einni, tiltekinni konu. Þetta eru hlutir sem þau taka með sér inn í þetta stutta, hraðfleyga, lífsnautnasamband. Bæði alast þau upp í hörðum heimi og kunna að bíta frá sér en það er sameiginleg þrá eftir ást og fegurð, sem sameinar þau í stuttu sambandi og birtist okkur eins og segir í upphafi verksins: í sumarsögu frekar en ástarsögu.

Slíku sambandi hafa ekki verið gerð skil í íslenskri skáldsögu fyrr en í þessari raunsæju og innihaldsríku bók.

Höfundur stundar nám í bókmenntum og frönsku við Háskóla Íslands.

Loðskinnasalinn og barnaskapurinn

eftir Magnús H. Skarphéðinsson

Í sl. viku hélt danskur loðskinnasali sýningu á góssi sínu í húsakynnum Hótels Sögu. Við vorum mætt þar fyrir utan nokkrir fáir og smáir andstæðingaar loðskinnaiðnaðarins til að vekja athygli sýningargesta á hlutskipti loðdýranna sem verða að teljast réttir eigendur feldanna sem til sýnis voru.

Þetta var lærdómsríkt síðdegi í desembermánuði fyrir utan Súlnasalinn þar sem pelsklæddu gestirnir streymdu inn. Ekki svo að skilja að mig og hina loðdýravinina fimm hafi ekki langað að eyða þessu kalda síðdegi annars staðar en fyrir utan anddyrið á Sögu við litlar vinsældir aðstandenda hótelsins og syningarinnar. Öðru nær.

En það var ekki síður lærdómsríkt samtalið sem ég átti við íslenska loðskinnasalann á Skólavörðustígnum í hljóðstofu Rásar tvö þetta sama síðdegi í tilefni þessarar erlendu uppákomu í hótelinu.


Seint munu úr minni mér renna fullyrðingarnar um loðdýrarækt í búrum sem Eggert feldskeri bar þar á borð fyrir alþjóð. Hans rök og sannfæring voru einfaldlega að loðdýrunum í búrunum *liði miklu betur en frjálsu og villtu loðdýrunum í náttúrunni* sem „berðust fyrir lífi sínu hvern dag“! Ekki annað en það. Það væri nú semsagt öldin önnur og miklu eftirsóknarverðari í búrunum örsmáu þar sem dýrin væru fædd reglulega og stæðu á vírneti alla sína ævi.

Þetta er svona svipað og að segja að föngum allra landa hljóti að líða miklu betur en frjálsborna fólkinu utan rimlanna sem atast þarf í lífinu alla daga við að hafa í sig og á í bévítans frelsinu öllu. Ekki gengur þessi röksemd uppí mínum huga.

Rannsóknir sýna að yfir 90% allra dýra sem eru í búrum af þessu tagi verða mjög fljótlega alvarlega geðveikir einstaklingar sem best sést á hegðun þeirra og atferli. Ekki síst hvernig sum þeirra umgangast ungviði sitt í þessu óþverrans búrarusli öllu saman. Þ.e. þann örstutta tíma og sem aðeins sum þeirra fá að umgangast afkvæmi sín á annað borð. Búraheimspekin gerir nefnilega ekki ráð fyrir neinu huggulegu heimilislífi refanna, að ekki sé nú minnst á nokkurn samgang við náttúruna af neinu tagi.

Og hitt. Danski loðskinnafarandsalinn, Finn Birger Christensen, sagði í viðtali við DV á mánudaginn að andófið gegn loðskinnasölunni væri á undanhaldi í veröldinni „þar sem þetta fólk (þ.e. hinir aumkunarverðu dýravinir — ég og aðrir furðufuglar) sé farið að sjá að sér og gera sér grein fyrir hvers lags barnaskapur þetta sé.“ Aðeins það.

Það er sumsé barnaskapur að halda fram þeirri skoðun að loðdýrunum líði nú hugsanlega ekki sem best í þessum 0,8 fermetra vírnetsbúrum alla sína ævi. Og það er líklega einnig barnaskapur að vera þeirrar skoðunar að loðdýrin, sem veidd eru í dýraboga erlendis (og reyndar hérlendis stundum líka), eigi sérstaklega náðuga daga með fætur sína í gildrunni dögum og stundum vikum saman áður en þeirra er vitjað.



Magnús H. Skarphéðinsson

„Þetta er svona svipað og að segja að föngum allra landa hljóti að líða miklu betur en frjálsborna fólkinu utan rimlanna.“

Það er líklega aðeins barnaskapur að það sé eitthvað athugavert við þessa framkomu okkar við hin dyrin hér á hnettinum að mati loðskinnakaupmannanna.

Höfundur er fyrrverandi vagnstjóri SVR og nemi í HÍ.

Kjarvalsstaðir:

Arngunnur Ýr sýnir í Austursal

ARNGUNNUR Ýr mun sýna ný verk í austursal Kjarvalsstaða dagana 12. til 27. janúar nk. Sýningin nefnist Varanlegar menjar og eru verkin unnin á árunum 1989 til 1990 í Amsterdam, Reykjavík og San Francisco.

Arngunnur Ýr stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1982-1984 og lauk BFA-prófi frá San Francisco Art Institute 1986. Hefur hún tekið þátt í fjölda samsýninga í Bandaríkjunum, Evrópu og Íslandi, auk þess sem hún hefur haldið einkasýningar hérlendis og vestanhafs. Síðastliðinn vetur dvaldi hún í Amsterdam þar sem hún starfaði að nýju verkefni og er nú nýkomin frá San Francisco, þar sem hún hefur dvalið í haust.

Myndirnar eru unnar með blandaðri tækni. Þar er um að ræða hefðbundnar aðferðir í olíumálun jafnt sem veggmyndir unnar úr viði, gleri, hári, málmum og ýmsum efnum öðrum.

Sýningin er opin daglega frá kl. 11.00 til 18.00. Sýningin verður opnuð 12. janúar kl. 16.00 en þar munu Bryndís Halla Gylfadóttir, Áshildur Haraldsdóttir, Bergljót Anna Haraldsdóttir og Steinunn Birna Ragnarsdóttir flytja tónlist.

ÚTSALAN
HEFST Í DAG
Meiri háttar verðlækkun
HERRARÍKI
SNORRABRAUT 56 SÍMI 13505 ▪ 14303